

**Gjaldskrá
fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar**

1. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er á gámasvæði skal greiða 7.300 kr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldinu. Greiðendur sorpeyðingargjalds fá klippikort sem myndar inneign á gámasvæðum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá sorphirðu í Bláskógabyggð fyrir árið 2025. Um flokka úrgangs og gjaldskyldu á móttökustöðvum fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

Flokkur	Gjaldskylt frá heimilum og frístundahúsum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum)
Almennur heimilisúrgangur	nei	já
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegur	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Timbur, ómálað	já	já
Timbur, málað	já	já
Garðaúrgangur, greinar, gras	já	já
Lífrænn heimilisúrgangur	nei	já
Grjót, múrbrot og jarðvegur	já	já
Pappi og pappír	nei	já
Plastumbúðir og annað plast	nei	já
Gifsplötur, flísar og postulín	já	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei
Málmur	nei	nei
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki	nei	nei
Heyrúlluplast	nei	nei
Rafhlöður, rafgeymar	nei	nei
Fatnaður og klæði	nei	já
Dýrahæ	já	já
Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir	nei	nei

2. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 11. desember 2024 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu.

Bláskógabyggð, 20. desember 2024



Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri

